

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18 FEB. 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100482/bs

Leynir við Böðmódsstaði. Tillaga að deiliskipulagi gróðurhúss. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps dags. 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi. Umrætt deiliskipulag er innan svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá **Brúará og Brúarskörð**. Náttúruverndargildi svæðisins er talið m.a.: *Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf.*

Samkvæmt greinargerð með umræddri tillögu að deiliskipulagi mun verða tekið tillit til verndargildis Brúarár, með eftirfarandi hætti: *Lagt er til að veiting byggingaleyfis verði háð framkvæmd mótvægisáðgerða sem felast í uppgræðslu og gróðursetningu birkis á 50 m helgunarsvæði meðfram ánni. Þá er gert ráð fyrir að núv. gróðurhús næst ánni verði víkjandi þannig að ekki sé veitt heimild til endurbóta á því húsi.*

Umhverfisstofnun telur að í umræddri tillögu að deiliskipulagi sé leitast við að standa þannig að fyrirhuguðum framkvæmdum á því svæði sem deiliskipulagið nær til að þær verði í sem mestu samræmi við náttúruverndargildi svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir við umrædda tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri